

4. Umsækjandinn skal með læknisvottorði sanna, að hann hafi þá sjón og heyrn, **170**
sem nauðsynleg er skipstjórnarmönnum. 21. sept.
5. Í prófvottorðinu skal tekið fram, í hverju umsækjandinn hafi verið reyndur og um hæfni hans til þess að verða leiðréttingarmaður áttavita.

4. gr.

Reglur þessar ná ekki til þeirra leiðréttingarmanna, sem leiðrétt hafa áttavita um borð í 10 skipum, áður en reglur þessar öðlast gildi, og eiga þeir þá rétt á lög-gildingingu.

5. gr.

Umsækjandinn skal greiða fyrir prófið hæfilegt gjald, sem rennur til próf-dómara.

6. gr.

Fyrir löggingingu skal greiða kr. 50.00 sem rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt B-lið 34. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

171

um breyting á reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu,
nr. 91 22. ágúst 1935. 21. sept.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Allir þeir, sem eiga fé á afrétti fjallskilafélagsins, eru skyldir til að greiða hagatoll fyrir sitt fé, 50 auru fyrir hverja kind.

2. gr.

7. gr. III. kafla orðist svo:
Tjarnarétt skal vera aðalrétt í fjallskilafélaginu, en aukaréttir Fjallarétt, Víkingavatnsrétt og Miðbæjarrétt, og heyra þær undir Tjarnarétt, enda gangi úr-tíningsfé af aukaréttunum þangað og dragist upp á aðalréttinni.

Fé úr Svinadalshálsi og Ásheiði skal ganga til Tjarnaréttar, úr Garðsheiði til Miðbæjaréttar, úr Víkingavatnsheiði til Víkingavatnsréttar og úr Framfjöllum og Útfjöllum til Fjallaréttar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.